

V E F N I R

Tímarit félags um átjándu aldar fræði

KVISTUR

Leita

Leita í textum Félags um 18. aldar fræði Leita í öllu efni á Kvisti

Staða rannsókna á sviði 18. aldar fræða: Sagnfræði

Höfundur: Guðmundur Hálfðanarson
Birtist í: Vefni: 1. vefriti 1998

iðhorf íslenskra sagnaritara til sögu 18. aldarinnar hafa löngum verið nokkuð blandin. Togast þar á sú aðreynd að öldin var landsmönnum að mörgu leyti afskaplega andhæf í efnahagslegu tilliti og sú skoðun síðari ma manna að 18. öldin hafi markað upphaf nútímans í andlegum efnum Íslendinga. Um þetta segir Jóhannes fordal fyrrverandi seðlabankastjóri svo í formála að endurútgáfu Mannfækkunar af hallærum eftir Hannes iskup Finnsson:

Íslendingar hafa lengi litið aftur til 18. aldarinnar sem hins mesta niðurlægingar-skeiðs í sögu sinni. Leikur lítill afi á, að þetta á við full rök að styðjast, ef litið er til efnahags þjóðarinnar og líkamlegrar velferðar. Sú eraldlega hnignun, er hófst hér á landi á 16. öld, setti svip sinn á 18. öldina allt til loka.

Þetta ástand rekur Jóhannes til erfiðrar náttúru og erlendra kúgunar sem lögðust á eitt við að hrella Íslendinga; annan stað hnignaði búskapargæðum landsmanna verulega vegna kólnandi veðurfars og ísa, og í hinn meinaði erlend einokun Íslendingum að njóta hagkvæmni eðlilegrar verkaskiptingar við aðrar þjóðir í formi aukins tflutnings sjávarafurða. En þrátt fyrir andstreymi 18. aldar, heldur Jóhannes áfram, brotnaði þjóðin

ekki undir þessu fargi, heldur reis til viðnáms og til undirbúnings þeirrar sóknar, er átti eftir að leiða hana út úr göngum, þótt síðar yrði. Og þrátt fyrir kröpp kjör fóstraði Ísland á fyrri helmingi aldarinnar hóp óvenjulegra áfu- og mannkostamanna, Jón Eiríksson, Skúla Magnússon, Eggert Ólafsson, Bjarna Pálsson, Björn lalldórsson, Ólaf Stefánsson og Hannes Finnson.(2)

Ér ætla ég mér að beina sjónum fyrst og fremst að þeim tveimur sviðum sem Jóhannes nefnir í sögu 18. aldarinnar, enda hafa þau skorið sig úr í umfjöllun sagnfræðinga á undanförunum þremur áratugum eða svo. nna vegar er um að ræða sögu íslensks hagkerfis og stjórnskipunar á 18. öld og hins vegar sögu hugmynda og ugarfars eða viðhorfa. Þrátt fyrir þessa afmörkun efnisins ætla ég mér ekki þá dul að ég geti gert þessu efni emandi skil; til þess er efnið of vítt.

Ótt skil á milli sagnfræði og skáldskapar séu ekki algerlega klippt og skorin hljóta sagnfræðingar ávallt að vera undnir a.m.k. í annan skóinn í starfi sínu af þeim heimildum sem þeir hafa úr að móða. Okkur þarf því ekki að ndra þau skörpu skil sem verða í þekkingu okkar á hagsögu á ofanverðri 17. öld sökum þess að þá varð bylting í pinberri gagnaöflun á Íslandi. Hér er auðvitað ekki um tilviljun að ræða, því að í þessu tilliti njóta agnfræðingar nútímans tilrauna Danakonungs við að koma á miðstýrðu stjórnkerfi í hinu víðfeðma ríki sínu á runni einveldishugmynda 17. aldar. Hvað Ísland varðar hófst starfið með víðtækri söfnun upplýsinga um stand hjálendunnar í norðri á síðustu tveimur áratugum 17. aldar, en náði hámarki með rannsóknum urðabókarnefndar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns á árunum 1702-1712.(3) Ferðalög þeirra síðastnefndu

tilaði Íslendingum stórvirkjum á borð við manntalið 1703, jarðabókina, og á óbeinan hátt kannski landsklukku Halldórs Laxness. Það segir reyndar nokkuð um ástand Íslands á þessum árum að áhugi konungsránsóknnum á högum landsmanna virðist hafa dvínað mjög eftir að niðurstöður þeirra kumpánanna Árna og Áls bárust til Kaupmannahafnar, a.m.k. eru engar sambærilegar heimildir til um mannfjölda og búnaðarhætti á landi fyrr en líða tekur að lokum 18. aldar.(4)

Jarðabóka- og manntalsgerð þeirra Árna og Páls hefur verið mönnum lengi kunn. Skúli Magnússon notaði t.d. manntalið við skrif sín um íslensk samfélagsmál á síðari hluta 18. aldar og Hannes Finnsson þekkti a.m.k. niðurstöður þess. Segja má þó að visst blað hafi verið brotið í notkun jarðabókaheimilda frá upphafs skeiði inveldistímans með doktorsritgerð Björns Lárussonar hagsögufræðings í Lundi, *The Old Icelandic Land Registers*, sem út kom árið 1967. Að stofni til er ritgerðin útgáfa jarðabóka sem gerðar voru á árunum 1686-1697, en helsta nýjungin í rannsóknum Björns voru tvímælaust útreikningar hans á skiptingu jarðeigna á landi við lok 17. aldar. Þar sýndi Björn ótvírætt fram á að nær allar jarðir á Íslandi voru í leigu nálægt ldamótunum 1700 (um 96% heimila nýttu ekki eigið eignarland) og að eignarhaldi jarða í einkaeigu var mjög misskipt - um 7% landeigenda áttu um 45% jarðeigna í einkaeigu.(5) Niðurstaða hans um þetta efni var sú að löreignafólkið hafi flest verið skylt innbyrðis og með inngiftingum hafi því tekist að halda eignum sínum innan rfárna ætta þrátt fyrir að eignir hefðu tilhneigingu til að dreifast vegna erfðareglna.

Ránsóknir Björns voru að vissu leyti upphaf endurskoðunar sagnfræðinga á samfélagi einveldistímans á landi. Sú samfélagsgerð sem birtist í jarðabókunum féll þannig betur að söguskilningi sjöunda áratugarins en ugmyndum sjálfstæðisbaráttunnar um sameiginlega hagsmuni allra Íslendinga og sameiginlega baráttu þeirra rir þjóðfrelsi. Landeigendur 18. aldar mynduðu nú sérstaka stétt í anda marxískrar efnishyggju, sem átti lveru sína og völd undir eignarhaldi á "framleiðslutækjum" samfélagsins, þ.e.a.s. svo fremi sem jörð getur llist tæki. Reyndar gerir Björn ekki mikið úr þessu atriði í ritum sínum, af því að hann lagði höfuðáherslu á eimildirnar sjálfar og vandamál þeim tengd, en ránsóknir hans höfðu samt óhjákvæmilega mikil áhrif á iðhorf sagnfræðinga til samfélags og valdagerðar 18. aldar. Þannig varð sú kenning ráðandi meðal agnfræðinga að stétt eins konar landeigendaaðals hafi stjórnað landinu á 18. öld í krafti auðæfa sinna. Sá sem aldið hefur þessu hvað eindregnast fram er sennilega sænski sagnfræðingurinn Harald Gustafsson, sem annað hefur stjórnkerfi einveldistímans á Íslandi af hvað mestum lærdómi. Í doktorsritgerð sinni Mellan kung ch allmoge hafnar hann t.d. skoðun manna eins og Þorvalds Thoroddsens um að þjóðin hafi öll verið á sama áti á 18. öld, niðurbrotin í fátækt undir áþjám danskrar einokunar.(6) Þess í stað kynnir hann til sögunnar ameinaða valdastétt, "den isländska eliten" eins og hann nefnir hana,(7) sem réði bæði yfir eignum og helstu aldstofnunum samfélagsins. Í krafti stöðu sinnar stjórnaði valdastéttin miðlun upplýsinga á milli kismiðjunnar og Íslands, og gat á þann hátt ráðið lagasetningu og aðgerðum ríkisins hvað Ísland varðaði.

essi tenging auðs og valda hefur valdið sagnfræðingum nokkrum heilabrotum á undanförunum árum, enda er eplega fullskýrt hvernig hin íslenska landeigendastétt gat tryggt sér aðgang að embættum eftir að einveldi var röið fast í sessi og konungsvaldið varð virkara í stjórn landsins. Bragi Guðmundsson hefur t.d. dregið nokkuð í fa hina marxískt ættuðu stéttgreiningu á bændasamfélagi 18. aldar í riti sínu *Efna menn og eignir þeirra um 1700*, en þar gerir hann allitarlega grein fyrir íslenskum gósseigendaættum eins og þær birtast í *Jarðabók Árna g Páls*. Lokaniðurstaða hans getur tæpast talist mjög eindregin, en um samband auðs og valda á 18. öld segir ann að "auði [hafi] verið mjög misskipt með embættismönnum á Íslandi um 1700 og það eina sem sameinaði á voru sams konar störf. En sem heildstæð embættismanna- og jarðeigendastétt voru þeir ekki til. Auður og mbætti gátu farið saman og gerðu það oft en ekki nándar nærri því alltaf."(8) Ránsókn Braga er of takmörkuð tíma til að gefa fullnægjandi svar um efnið, en hún er allrar athygli verð og kallar á dýpri greiningu á valdagerð 18. aldar.

doktorsritgerð sinni frá 1983 vottar Gísli Gunnarsson landeigendakenningunni virðingu sína, en hann telur ar að á Íslandi hafi verið "tiltölulega samstæð yfirstétt [á 18. öld] sem efnalega hafði bæði stuðning af inkajörðum sínum og lénsjörðum kóns og kirkju (og skipaði að sjálfsgöðu helstu embætti kóns og

irkju)." (9) Þessi yfirstétt gægist fram öðru hvoru í texta Gísla, en í raun gerir hann ekki mikið úr þætti hennar í íslenski samfélagsþróun. Athyglisverðasta nýjung Gísla í umræðunni um samfélagsgerð fyrri tíma er einmitt sú enning hans að bændasamfélagið hafi verið íhaldssamt og áhættufælið í eðli sínu og andstaða við breytingar á tvinnuháttum hafi ekki einungis mótast af hagsmunum yfirstéttarinnar, þótt oftast hafi látið hæst í henni. Þannig kemst hann að því að einokunarverslunin hafi verið að sönnu bölvuð, en hún hafi ekki verið sök Dana inna heldur hafi hugmyndafræði hennar fallið ágætlega að samfélagshugsun "gamla samfélagsins", þar sem allt tti að vera í föstum skorðum og sjávarútvegur og samkeppni voru litin hornauga. Segja má því, þó að slíkt sé neitanlega mjög mikil einföldun á viðamikilli greiningu Gísla á sögu einokunarverslunarinnar, að hann hafi ríkið til endurskoðunar þær hagsmunaandstæður sem oftast hafa verið taldar ráðandi í samfélagi 18. aldar. Þildir það bæði um hinar viðteknu andstæður á milli Íslendinga og Dana og hinar nýju stéttaandstæður undeigenda og leiguliða. Þessar kenningar vöktu mikla athygli á sínum tíma (10) og hafa haft viðtæk áhrif á nútun félags- og hagsögu 18. og 19. aldar. Um þær hefur reyndar staðið styr, en ég sakna þess að fátt nýtt hefur omið fram um stjórns- og efnahagskerfi 18. aldarinnar síðan þýdd og endurskoðuð bók Gísla kom út árið 1987.

heild má segja að margar og mikilvægar nýjungar hafi komið fram í rannsóknum á samfélags- og valdagerð 18. aldar á árunum frá um 1970 og fram á síðasta áratug, enda voru félags- og hagsaga í miklu afhaldi meðal sagnfræðinga á þeim tíma. Sameiginlegt einkenni þessara rannsókna er að þær hafna söguskilningi álfstæðisbaráttunnar þar sem litið var á fortíðina sem eilífa baráttu Íslendinga við útlent vald. (11) Þess í stað afa sagnfræðingar eins og Harald Gustafsson og Gísli Gunnarsson bent á að samfélagsþróun á Íslandi átti sér iargar hliðstæður við það sem gerðist í nágrannalöndunum, og að andstæðan Ísland-útlönd hafði allt aðra ierkingu á 18. öld en hún fékk í rómantík 19. aldarinnar. Síðan doktorsritgerðir þeirra komu út nálægt miðjum 20. öldasta áratug hefur þó verið heldur hljótt á þessum vígstöðvum sagnfræðinnar, hvort sem þar er um að kenna vínandi áhuga á félags- og hagsögu á síðustu árum eða fámenni í íslenski sagnfræðingastétt.

linn þáttur rannsóknarsögu 18. aldar sem verið hefur hvað mest áberandi innan sagnfræðinnar á undanförunum er hugmynda- og menntunarsaga 18. aldar. Að mörgu leyti er þessi áhugi sjálfgefinn, vegna þess að 18. aldin var mjög frjór tími í útgáfu lærdómsrita sem aftur ber vott um geysilega áhugaverða gerjun í andlegu lífi Íslendinga á upphafsárum "nú tímans". Fremstir í flokki sagnfræðinga á þessu sviði standa, að öðrum löstuðum, prófessorarnir Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, en þótt þær rannsóknarhefðir sem þeir sngjast séu mjög ólíkar myndar hugtakið "upplýsing" kjarnann í rannsóknum þeirra beggja á sögu 18. aldarinnar. Með rannsóknum þeirra hefur framfaraviðleitni og framfaratrú 18. aldar verið sett í nýtt samhengi - ú verður nýbreytni sem varð í verklegri og andlegri menningu þjóðarinnar á 18. öld tæpast skýrð með þeirri lviljun að þá hafi fæðst hópur óvenjulegra gáfu- og mannkostamanna sem hóf baráttu fyrir bættum hag nípinar þjóðar, heldur tengist íslensk upplýsing náíð alþjóðlegum hugmyndastraumum.

Ieð þessu er ekki sagt að sagnfræðingar hafi fyrst uppgötvað áhrif upplýsingarstefnunnar á íslenskt samfélag ú á síðustu árum. Í þeim kafla sjöunda bindis Sögu Íslendinga sem fjallar um sögu menningar og mennta á mabilnu 1770-1830 bendir Þorkell Jóhannesson t.d. á breytt viðhorf til alþýðufræðslu á síðari hluta 18. aldar, em hann rekur til hinnar evrópsku upplýsingar, og svipaða sögu má reyndar segja um Jón Aðils í fyrirlesturum ans um íslenskt þjóðerni. (12) Í ritum þessara manna birtist upplýsingin þó sem heldur loftkennt fyrirbæri, eða ins konar halastjarna sem siglir í gegnum kristalhvolf gamallar hjátrúar og hindurvitna; hún verður eins konar ljóst samheiti fyrir allt sem var nýtt - ný viðhorf til alþýðu, frelsis og framfara. Að vissu leyti á þetta sér þá sýringu að afmörkun upplýsingarstefnunnar hefur oft verið óljós. Því eru ótalmargar vistarverur í húsum ennar, sem rúma spekinga sem eiga fátt annað sameiginlegt en að hafa verið uppi á svipuðum tíma. Hvað sland varðar flækist málið enn frekar við þá staðreynd að í mikilvægum málaflokkum tengist upplýsingin ugmyndum sem eru eldri en hin "eiginlega" upplýsing, en blandast við hana er líður á 18. öldina. Þannig á ameralisminn, sem var leiðarstjarna í hag- og stjórnspeki danska einveldisins lengst af á 18. öld, rætur í ierkantílisma 17. aldar frekar en upplýsingu, og uppeldishugmyndir íslenskra upplýsingarmanna byggðust

vallt að nokkru leyti á píetismanum, sem tæpast getur talist "upplýstur", a.m.k. ekki ef miða á við hina frönsku pplýsingu.

essi sérstaða íslenskrar (og þar með að nokkru leyti danskrar) upplýsingar skýrist annars vegar af því að hún ungist miklu fremur þýskri hreinsun þokuanda, Aufklärung, en hinu franska ljósi, les lumières. Þýska pplýsingin var almennt mun varkárari í gagnrýni sinni á konungsvaldið en sú franska, um leið og norður-þýsk pplýsing, sem hafði mikil áhrif í Danmörku, lifði í náinni sambúð við lúterstrúna.(13) Hins vegar skorti lgerlega á Íslandi þann jarðveg sem upplýsingin óx í á meginlandi Evrópu. Hér var ekkert þéttbýli sem heitið at og engin innlend borgarastétt. Íslendingar áttu ekki einu sinni yfir höfði sér aðalsstétt sem gat viðhaldið álfstæðu og framsæknu menningarlífi á borð við salónana frönsku eða tónlistarlíf á þýsk-austurríska renningarsvæðinu.

Ieð þessu er ekki sagt að upplýsingin hafi í raun haft lítil áhrif á Íslandi, heldur aðeins að áhrif hennar hafi vallt verið tempruð af hefðinni. Íslenskir upplýsingarmenn, sem flestir voru embættismenn eða menntamenn á ið í embættismannastétt, leituðust mjög við að samræma skoðanir sínar hefðbundnu gildismati og amfélagshugsun og lítið ber á gagnrýni meðal þeirra á skipulag bændasamfélagsins íslenska eða stjórnarfar onungsvaldins í hjálendunni. Sem dæmi má nefna að um leið og menn eins og Magnús Stephensen og Baldvin inarsson vildu efla upplýsingu á Íslandi og útrýma "hindurviti" í viðhorfum til náttúrunnar eða harðneskju í ffsingum og uppeldi, taldi hvorugur nauðsynlegt að breyta undirstöðum bændasamfélagsins íslenska. Báðir oru þeir einlægir trúmenn og hvorugur þeirra hafði mikla trú á eflingu þéttbýlis á Íslandi. Báðir vildu þeir efla ýjar atvinnugreinar á Íslandi, en um leið höfðu þeir hina mestu skömm á siðspillandi áhrifum lausamennsku g þurrabúðarlífs.(14) Arfleifð upplýsingarinnar er því heldur mótsagnakennd. Greinilegt er að hugmyndir úauðgismanna um frjálsa verslun grófu undan trausti stjórnvalda á verslunareinokun og tilraunir til þnaðarstarfsemi á vegum Innréttinganna í Reykjavík má eflaust rekja að einhverju leyti til framfaratrúar pplýsingar. Eins má greina breytt viðhorf til verklegra framkvæmda í tilskipunum um jarðrækt frá 1776, en ennilega segir dómur Þjóðólfs í Ármanni á Alþingi um væntanlegan boðskap Ármanns í Ármannsfelli nokkuð m árangurinn:

g spái því, að þegar hann nú kemur, ef það annars verður nokkuð af því, þá setji hann upp langa hrókaræðu m kálgrauta, um túngarðahleðslu og þúfnasléttun og annað þvílíkt, sem enginn lifandi maður hefir gagn af, því nginn étur kálgrautinn hans, og túngarða hleður enginn maður með vitinu, því þeir hrynja jafnóðum ofan í öndurnar á manni aftur.(15)

Þpplýsingin hlýtur þó ávallt að verða miðlægt fyrirbæri í rannsóknum á sögu 18. aldar. Hún er kjörin í þessu lliiti vegna þess að hún sameinar margar og ólíkar fræðigreinar, sem sést kannski hvað best á ritgerðasafninu Þpplýsingin á Íslandi sem kom út í ritstjórn Inga Sigurðssonar fyrir nokkrum árum. Þar leiddu saman hesta na sérfræðingar úr nokkrum geirum vísindanna og mátu áhrif upplýsingarinnar á sínum sérsviðum. Þpplýsingin er líka kjörin vettvangur til samanburðar við önnur lönd, vegna þess að hún hafði veruleg áhrif m öll okkar nágrannalönd, bæði í austri og vestri. Ég vil þó vekja athygli á að hugmyndasaga 18. aldar nær neitanlega yfir víðara svið en upplýsinguna eina og enn vantar sárlega nýjar rannsóknir í sagnfræði á ðdraganda hennar. Í því sambandi má benda á ritgerð Jóns Ólafssonar úr Grunnavík, Hagþenki, frá árinu 737, en þar viðrar hann hugmyndir sínar um menntun íslenskra ungmenna.(16) Eins má færa fyrir því rök að eistari Jón Vídalín sé meiri átjándu aldar maður en Magnús Stephensen, því höfuðrit Jóns kom út á öldinni á eðan helstu skrif Magnúsar voru gefin út á þeirri níttjándu. Rannsókn á ritum manna frá fyrri hluta 18. ldarinnar og skipulegur samanburður við hina eiginlegu upplýsingarmenn hlýtur líka að teljast nauðsynlegur l að skilja þau nýmæli sem upplýsingin færði inn í íslenskan hugmyndaheim, auk þess sem slík rannsókn yndi treysta samhengið í íslenskri sögu.

egar á heildina er lítið má segja að safn sagnfræðirannsókna á 18. öldinni sé bæði auðugt og fjölskrúðugt, þótt nn séu viðfangsefnin ærin. Mér fannst þannig athyglisvert að sjá hversu mismunandi skilning sagnfræðingar

þegga í hugtakið 18. öld, vegna þess að rannsóknartímabilið í hag- og stjórnskipunarsögunni nær yfirleitt frá því eint á 17. öldinni og endar einhvern tíma á níunda áratug 18. aldar, en rannsóknir í menntunar- og ugmyndasögu hefja oftast leikinn um miðja öldina, en spanna tímann til um 1830-1840. Þetta er okkur minning um að þrátt fyrir að aldir séu hentugir merkimiðar þá stöðvast gangur sögunnar ekki við aldamót. tjánda aldar fræði geta því aldrei afmarkast við þá öld sem gefur þeim nafn, en sem sérstakur rannsóknarvettvangur opna þau möguleika á að leiða saman fræðimenn á ólíkum sviðum sem eru í raun allir að alla um sama fyrirbærið, þ.e.a.s. menninguna í allri sinni fjölbreytni. Einungis með samræðu fræðigreina etum við fengið þá heildarsýn sem er nauðsynleg til skilnings á þessu flókna viðfangsefni, og það er von mín að iálþing sem þetta megi a.m.k. verða örlítið skref á þeirri braut.

itaskrá: Nokkur nýleg rit og ritgerðir um sögu 18. aldar

felstu yfirlitsrit um tímabilið eru enn þá tvö bindi Sögu Íslendinga, þ.e. Páll Eggert Ólason og Þorkell óhannesson, Saga Íslendinga, 6. bd., Tímabilið 1701-1770 (Reykjavík, 1948) og Þorkell Jóhannesson, Saga slendinga, 7. bd., Tímabilið 1770-1830: Upplýsingaröld (Reykjavík, 1950). Einnig má benda á Árna Daníel úlússon, Helga Skúla Kjartansson og Jón Ólaf Ísberg, ritstj., Íslenskur söguatlas, 2. bd., Frá 18. öld til illveldis (Reykjavík, 1992), Björn Þorsteinsson og Berstein Jónsson, Íslandssaga til okkar daga (Reykjavík, 991) og Einar Laxness, Íslandssaga a-ö, 3 bd., 3. útg. (Reykjavík, 1995), en í þessum bókum er að finna mjög agnlegar upplýsingar um sögu tímabilsins.

nna Agnarsdóttir, "Sir Joseph Banks and the Exploration of Iceland," í R. E. R. Banks o.a. ritstj., Sir Joseph anks, a Global Perspective (Kew, 1994), bls. 31-48.

jörn Lárusson, The Old Icelandic Land Registers (Lundi, 1967).

ami, Islands jordebok under förindustriell tid (Lundi, 1982).

jörn Teitsson, Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu (Reykjavík, 1973).

rugi Guðmundsson, Efnamenn og eignir þeirra um 1700. Athugun á íslenskum gósseigendum í jarðabók Árna g Páls og fleiri heimildum (Reykjavík, 1985).

íslí Gunnarsson, Fertility and Nuptiality in Iceland's Demographic History. Meddelande från Ekonomisk-istoriska institutionen, Lunds universitet, 12 (Lund, 1980).

ami, A Study of Causal Relation in Climate and History, with Emphasis on the Icelandic Experience. Meddelande från Ekonomisk-historiska institutionen, Lunds universitet, 17 (Lund, 1980).

ami, Monopoly Trade and Economic Stagnation. Studies in the Foreign Trade of Iceland 1602-1787 (Lundi, 983).

ami, The Sex Ratio, the Infant Mortality and Adjoining Societal Response in Pre-Transitional Iceland (Lundi, 983).

ami, Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787 (Reykjavík, 1987).

íslí Ágúst Gunnlaugsson, Ómagar og utangarðsfólk. Fátækramál Reykjavíkur 1786-1907 (Reykjavík, 1982).

ami, "Löggjöf um fátækraframsælsu og stjórn fátækramála á 18. öld," Saga 21 (1983), bls. 39-72. Endurútfegin Gísli Ág. Gunnlaugsson, Saga og samfélag. Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar (Reykjavík, 1997), bls. 102-29.

ami, "Granting of Privileges to Industry in Eighteenth-Century Iceland," *Scandinavian Journal of History* 7 (1982), bls. 195-204. Endurútgefin sem "Veiting forréttinda og einkaleyfa til iðnaðarstarfsemi á Íslandi á 18. öld," í Gísli Ág. Gunnlaugsson, *Saga og samfélag. Ættir úr félagssögu 19. og 20. aldar* (Reykjavík, 1997), bls. 225-235.

ami, "Ansökningar om privilegier till manufakturver på Island 1750-1754," í *Industri og bjergværksdrift* (Oslo, 1985), bls. 67-93.

ami, o.a. ritstj., *Skaftáreldar 1783-1784. Ritgerðir og heimildir* (Reykjavík, 1984).

uðmundur Hálfðanarson, "Verði ljós! Af baráttu upplýsingar við myrkramenn og ljóshatara," *Skírnir* 166 (vor, 1992), bls. 194-210.

uðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, ritstj., *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland* (Reykjavík, 1997).

ustafsson, Harald, "Islands opkomst", "Handelens Flor" och "Kongens Cassa". Beslutningsprocess kring islandshandeln 1733-1744," í *Skog och brännvin: Studier i näringspolitiskt beslutsfattande i Norden* (Oslo, 1984), bls. 269-302.

ami, *Mellan kung och allmoge. Ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island* (Stokkhólmi, 1985).

ami, "Islands administration under 1700-tallet," í *Administration in Norden på 1700-tallet* (Oslo, 1985), bls. 145-184.

ami, *Political Interaction in the Old Regime. Central Power and Local Society in the Eighteenth-Century Nordic States* (Lundi, 1994).

lastrup, Kirsten, *Nature and Policy in Iceland 1400-1800* (Oxford, 1990).

lrefna Róbertsdóttir, "Áætlun um allsherjarviðreisn Íslands 1751-52," *Landnám Ingólfs, nýtt safn til sögu þess* (1996), bls. 29-88.

lgi Sigurðsson, ritstj., *Upplýsing og saga. Sýnisbók sagnaritunar Íslendinga á upplýsingaröld* (Reykjavík, 1982)

ami, ritstj., *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir* (Reykjavík, 1990).

ami, *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens* (Reykjavík, 1996).

oftur Guttormsson, "Læsefærdighed og folkeuddannelse 1540-1800," í M. Jokipii og I. Nummela, ritstj., *Ur nordisk kulturhistoria. Läskunnighet och folkbildning före folkskoleväsendet, XVIII. nordiska historikermötet. Iötesrapport III* (Jyväskylä, 1981), bls. 129-191.

ami, "Barnauppeldi, ungbarnadauði og viðkoma á Íslandi 1750-1860," í *Athöfn og orð. Afmælisrit helgað Íatthíasi Jónassyni* (Reykjavík, 1983), bls. 137-169.

ami, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar* (Reykjavík, 1983).

ami, "Bókmenning á upplýsingaröld. Upplýsing í stríði við alþýðumenningu," í *Gefið og þegið. Afmælisrit til eiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum* (Reykjavík, 1987), bls. 247-289.

ami, "Við rætur kirkjulegs regluveldis á Íslandi. Athugun á skráningu sóknarmanna um miðbik 18. aldar," *Saga* 5 (1987), bls. 47-88.

ami, "Uppeldi og samfélag á upplýsingaröld. Samantekt á rannsóknarniðurstöðum," Saga 26 (1988), bls. 7-41.

ami, "Staðfesti í flökkusamfélagi? Ábúðarhættir í Reykholtsprestakalli á 18. öld," Skírnir 163 (vor, 1989), bls. 9-10.

ami, "Læsi," í Frosti F. Jóhannesson, ritstj., Íslensk þjóðmenning, 6. bd. (Reykjavík, 1989), bls. 119-144.

ami, "Pietism and the Definition of Childhood: Evidence from Eighteenth-Century Iceland," History of Education 20 (1991), bls. 27-35.

úðvík Kristjánsson, Íslenskir sjávarhættir, 5 bd. (Reykjavík, 1980-1986).

ýður Björnsson, "Ágrip af sögu Innréttinganna," í Helgi Þorláksson, ritstj., Reykjavík í 1100 ár (Reykjavík, 1974), bls. 117-145.

ami, "Vinnudeilur á 18. öld," í Kristín Ástgeirsdóttir, ritstj., Reykjavík, miðstöð þjóðlífs (Reykjavík, 1977), bls. 52-269.

ami, Saga sveitarstjórnar á Íslandi, 1. bd. (Reykjavík, 1972).

ami, "Hvað er það sem óhófinu ofbýður?" Saga 25 (1983), bls. 88-101.

Iár Jónsson, "Dulsmál í Landnámi Ingólfs 1630-1880," Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess 4 (1991), bls. 2-41.

ami, Blóðskömm á Íslandi 1270-1870 (Reykjavík, 1993).

igfús Haukur Andrésson, Verzlunarsaga Íslands 1774-1807. Upphaf fríhöndlunar og almenna bænarskráin, 2 d. (Reykjavík, 1988).

igurður Pétursson, "Jón Þorkelsson, lærdómsmaður á 18. öld," Tímarit Háskóla Íslands 5 (1990), bls. 69-76.

umarliði Ísleifsson, Ísland: framandi land (Reykjavík, 1996).

veinbjörn Rafnsson, "Mataræði Íslendinga á 18. öld," Saga 21 (1983), bls. 73-87.

órunn Valdimarsdóttir, Snorri á Húsafelli. Saga frá 18. öld (Reykjavík, 1989).

ftanmálgreinar

1*) Lofti Guttormssyni er þakkað fyrir gagnlegar ábendingar við samningu greinarinnar.

2) Jóhannes Nordal, "Um bókina og höfund hennar," í Hannes Finnsson, Mannfækkun af hallærum, Jón yþórsson og Jóhannes Nordal gáfu út (Reykjavík, 1970), bls. xi-xii.

3) Gefin út upphaflega sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 11 bd. (Kaupmannahöfn, 1913-1943). Jósprentuð útgáfa kom út á vegum Sögufélags á árunum 1980-1990 og lauk henni með tveimur viðaukabindum ritstjórn Gunnars F. Guðmundssonar (atriðisorðaskrá og fylgiskjöl), auk sérstaks bindis með útdráttum úr irðabréfum frá 16. og 17. öld.

4) Rétt er þó að geta tilrauna kirkjustjórnarinnar til að koma á reglulegri skýrslugerð um prestsverk og ýknarmannatöl um miðja 18. öld, sbr. Loftur Guttormsson, "Við rætur regluveldis á Íslandi. Athugun á kráningu sóknarmanna um miðbik 18. aldar," Saga 25 (1987), bls. 47-88.

5) Björn Lárusson, The Old Icelandic Land Registers (Lundi, 1967), bls. 73, 82 og víðar.

- 5) Harald Gustafsson, Mellan kung och allmoge. Ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island (Stokkhólmi, 1985), bls. 32.
- 7) Sama rit, 280.
- 3) Bragi Guðmundsson, Efnamenn og eignir þeirra um 1700. Athugun á íslenskum gósseigendum í jarðabókum og Páls og fleiri heimildum (Reykjavík, 1985), bls. 103.
- 9) Gísli Gunnarsson, Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787 (Reykjavík, 1987), bls. 25. Þetta er íslensk útgáfa doktorsritgerðar Gísla, Monopoly Trade and Economic Stagnation. Studies in the Foreign Trade of Iceland 1602-1787 (Lundi, 1983).
- 10) Sbr. Gísli Gunnarsson, "Söguskoðun, stjórnsmál og samtíminn," Saga 33 (1995), bls. 99-109.
- 11) Þessi söguskoðun kemur vel fram í ritgerð Einars Olgeirssonar, "Sögusýningin," í Lýðveldishátíðin 1944 (Reykjavík, 1945), bls. 381-430.
- 12) Þorkell Jóhannesson, Saga Íslendinga, 7. bd., Tímabilið 1770-1830: Upplýsingaröld (Reykjavík, 1950), bls. 408-416 og Jón Jónsson [Aðils], Íslenskt þjóðerni: Alþýðufyrirlestrar (Reykjavík, 1903), bls. 209-210.
- 13) Um þetta hefur Ingi Sigurðsson fjallað t.d. í "Upplýsingin og áhrif hennar á Íslandi," í Ingi Sigurðsson, stj., Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir (Reykjavík, 1990), bls. 9-42.
- 14) Ingi Sigurðsson hefur fjallað rækilega um hugmyndir Magnúsar Stephensen í bókinni Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensen (Reykjavík, 1996). Skoðanir Baldvins koma best fram í 1. bd. Ármanns á Alþingi (1829) - or. endurútgáfu sem ber heitið Uppeldið varðar mestu (Reykjavík, 1995).
- 15) Baldvin Einarsson, Uppeldið varðar mestu, bls. 55.
- 16) Jón Ólafsson, Hagþenkir, Þórunn Sigurðardóttir gaf út og skrifaði inngang (Reykjavík, 1996).